

# Áfallastjórnun, öryggisfræði og almannavarnir



Ásthildur Elva Bernharðsdóttir



[ Smellið til að sjá stærri mynd ]

Samfélagsleg þörf er rík fyrir þetta nám. Því fögnum við áhuga og velvild sem finna má í garð þessa nýja námsframboðs við Háskólann á Bifröst.

## **Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Ásthildur Elva Bernharðsdóttir**

Í nýlegri grein í Morgunblaðinu, „Hamfaranám og náttúruvá“, eftir Þorvald Þórðarson prófessor í berg- og eldfjallafræði og Ásmund Friðriksson alþingismað, ræða þeir möguleika á stofnun þverfaglegs meistaranáms í hamfarafræðum á háskólastigi. Áður hafði þingmaðurinn efnt til umræðu um sama efni á Alþingi. Góðu fréttirnar í þessu máli eru þær að þetta nám er nú þegar í boði við Háskólann á Bifröst – bæði sem meistaranám og grunnnám. Er þar um að ræða annars vegar nýhannaða námslínu, Öryggisfræði og almannavarnir, sem hefur göngu sína næsta haust. Hins vegar meistaranámslínuna Áfallastjórnun sem hefur verið í boði við skólann um nokkurra ára skeiði.

Báðar námslínur eru þróaðar í samráði við færustu sérfræðinga, innlenda sem erlenda, á svið öryggismála og almannavarna. Má þar nefna Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landsbjörg, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Rauða krossinn, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila. Þar sem Háskólinn á Bifröst er eini háskólinn sem

býður upp á nám í áfallastjórnun og öryggisfræðum og almannavörnum er dýrmætt að geta boðið það í samvinnu við helstu viðbragðsstofnanir samfélagsins.

Stór kostur við námið á þessu mikilvæga fræðasviði er að það skuli bjóðast í fjarnámi við einn fremsta fjarnámsskóla landsins, enda stórbætir það aðgengi að háskólanámi óháð aldri, búsetu og atvinnuþátttöku nemenda.

## **Öryggisfræði og almannavarnir**

Þessi nýja námslína er fyrsta grunnnámið á háskólastigi sem tileinkað er öryggisfræðum og almannavörnum hér á landi. Námið teygir sig yfir fleiri en eitt fræðasvið, meðal annars áfallastjórnun, opinbera stjórnarsýslu, lögfræði og stjórnunarfræði auk miðlunar og almannatengsla.

Í náminu er fræðilegur bakgrunnur öryggishugtaksins kynntur um leið og hugtakið er sett í alþjóðlegt samhengi sem og í samhengi við íslenskt samfélag, sögu, stjórnsmál, menningu og lagaumhverfi. Því er fylgt eftir með því að kynna og greina þær varnir sem alþjóðasamfélagið og Ísland sérstaklega hafa yfir að ráða. Fjallað er um þá innviði, auðlindir og regluverk sem styrkja varnir gegn öryggisvá sem og þá aðila sem koma að almannavörnum gegn henni, hvort sem um er að ræða netöryggi, náttúruhamfarir, stríðsógnir, heimsfaraldra eða efnahagsáfall líkt og mannkynið hefur staðið frammi fyrir á undanförunum árum.

Það krefst menntunar og almennrar hæfni að skilja þær ógnir sem steðja að samtímanum og þær varnir og viðbrögð sem mögulega er hægt að þróa og beita. Þannig er náminu ætlað að veita nemendum innsýn og þjálfun við að leysa áskoranir í öryggismálum þar sem öryggi er sett í nauðsynlegt samhengi og einnig horft til áhrifa stjórnarháttá, skipulagsheilda og fjölmiðla.

Námið er til þess fallið að auka almenna vitund og þekkingu á ógnum og öryggi í nútímasamfélagi og getur því gagnast nánast hvaða starfssviði sem er, en ekki síst þeim sem áhuga hafa á stjórnunarstörfum og alþjóðasamskiptum, til dæmis á sviði öryggismála og almannavarna. Þá undirbýr námið nemendur fyrir meistaranám í áfallastjórnun.

## **Meistaránám í áfallastjórnun**

Svo nefnist námslína sem hefur verið í boði við Háskólann á Bifröst um nokkurra ára skeið og er eina námið sinnar tegundar á Íslandi.

Áfallastjórnun snýr að forvörnum og viðbúnaði, viðbrögðum, lærdómi og endurreisn vegna áfalla. Á síðastliðnum áratugum hafa fyrirtæki, stofnanir og jafnvel heilu samfélögin þurft að glíma við sífellt flóknari áföll, m.a. vegna

þróunar byggða, loftslagsáhrifa, aukinnar alþjóðavæðingar og aukinna samskipta fólks. Á sama tíma hefur almenningur krafist þess í auknum mæli að stjórnendur og stefnumótendur veiti betri forystu þegar spáð er fyrir um hugsanleg áföll og brugðist við þeim.

Reynslan hefur sýnt að umræddir aðilar þurfa að vera mjög vel undirbúnir undir verkefni af þessu tagi. Síaukin og nýleg þörf á markvissari áfallastjórnun hefur hvatt fræðimenn til að þróa þekkingu og skilning á þeim ferlum og mannlegri hegðun sem hafa áhrif þegar áföll dynja á. Til þess hafa þeir leitað eftir samvinnu við viðbragðsaðila – þeirra sem reynsluna hafa.

Áfallastjórnun er ung fræðigreinin í örum vexti og hefur þegar skilað betri innsýn til þeirra stjórnenda og stefnumótenda sem með tileinkun á nýrri þekkingu og þjálfun hafa getað skilað markvissari áfallastjórnun.

## **Samfélagsleg þörf**

Enginn vafi leikur á samfélagslegri þörf fyrir nám af þessu tagi og því er áhugi þingmanns og eldfjallafræðings á málinu ánægjuefni. Þeir benda réttilega á að þær hamfarir sem nýlega hafa gengið yfir á Reykjanesskaga sanni þörfina fyrir að auka öryggisvitund fólks, menntun og hæfni til þess að skilja aðsteðjandi ógnir og þær varnir og viðbrögð sem unnt er að beita.

Það frumkvæði hefur Háskólinn á Bifröst nú þegar tekið og við fögnum þeim áhuga og velvild sem við finnum í garð þessa nýja námsframboðs.

Ólína er deildarforseti og prófessor við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst. Ásthildur Elva er fagstjóri Áfallastjórnunar og Öryggisfræða og almannavarna við Háskólann á Bifröst.